

Fundargerð Háskólaráðs 7. október 2014

Staðsetning: Guðmundarstofa, kl. 15.00

Mættir: Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Jón Freyr Jóhannsson fulltrúi kennara, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Guðmundur Ólafsson fulltrúi kennara, Hallgrímur Tómasson fulltrúi Háskólagáttarnema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema, Björn Líndal Traustason fulltrúi grunnema, Guðrún Erna Hafsteinsdóttir fulltrúi grunnema, og Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri sem ritaði fundargerð.

Áheyrnarfulltrúar: Þorvaldur Jónsson fjármálastjóri og Hafsteinn Sverrisson fulltrúi íbúaráðs

Boðaður sérstaklega: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri

Fjarverandi: Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara og Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema.

Áður en gengið er til dagskrár býður rektor nýja fulltrúa í ráðinu velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 154 fundar, 2. september frestað til næsta fundar

2. Tilnefningar

a. Gæðaráð,

Formaður tilnefndur af rektor: Stefán Kalmansson

Fulltrúar kennara: Magnús Árni Magnússon, Kári Joensen og Maj-Britt Einarsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Berglind Guðmundsdóttir, Ólöf Hildur Gísladóttir og Svanberg Halldórsson.

b. Jafnréttisnefnd

Formaður tilnefndur af rektor: Magnús Árni Magnússon,

Fulltrúi starfsmanna: Hulda Ingibjörg Rafnardóttir forstöðumaður Háskólagáttar

Fulltrúi nemenda: Vantar

c. Öryggisnefnd

Formaður tilnefndur af rektor: Guðjón Fr. Jónsson, húsvörður

Fulltrúar starfsmanna: Guðríður Leifsdóttir, þjónustustjóri og Sandra Björk Jóhannsdóttir, prófstjóri.

d. Borin upp beiðni frá nemendafélaginu um að í fagráði verði 2 fulltrúar nemenda í stað eins. Samþykkt að fjölga fulltrúum nemenda í fagráði í tvo. Breyta þarf reglugerð vegna þessa og þar til það hefur verið gert verða nemendur með tvo fulltrúa í fagráði þar sem annar verður áheyrnarfulltrúi.

3. Rekstrartölur og afkomuspá

Fjármálastjóri fer yfir helstu rekstrartölur á fyrri hluta ársins og spá fyrir síðari hluta ársins. Gert er ráð fyrir að afkoman bætist á síðari hluta ársins og er megin skýringin

að nemendum hefur fjölgað á haustönn. Tekjutap milli 2012 og 2013 skýrist eins og áður hefur komið fram er vegna lækkunar á framlagi frá ríkinu til skólans. Reksturinn er að komast í jafnvægi og það mun skila sér inná árið 2015.

4. Samskipti við Íbúðalánasjóð

Rektor fer stuttlega yfir húsnæðismálin á svæðinu og samskipti við Íbúðalánasjóð á undanförunum árum. Beðið hafði verið eftir tillögum frá Íbúðalánasjóði vegna skulda við sjóðinn. Fjármálastjóri og rektor fóru á fund hjá sjóðnum nýlega og munu skila tillögum til sjóðsins um uppstokkun á málefnum Bifrastar gagnvart sjóðnum til framtíðar.

5. Niðurstöður kennslumats

Karl Eiríksson gerir grein fyrir kennslumati á sumarönn 2014, kemur vel út bæði fyrir námskeiðin og kennara. Kennslumat fyrir lotu 1 á haustönn hófst í dag og stendur í eina viku.

6. Gæðamál

Gæðastjóri fer yfir gæðamál á háskólastigi hér á landi og gerir grein fyrir úttekt á skólanum sem er framundan í mars á næsta ári. Verið er að vinna sjálfsmatsskýrslu, fyrir skólann, mikilvægt er að ferlið sé gegnsætt og umbótamiðað. Fagsviðin þrjú vinna einnig sjálfsmatsskýrslur, eiga að vera tilbúnar fyrri hluta desembermánaðar. Endurskoðun á gæðahandbók skólans stendur fyrir dyrum, þannig að hún verði einföld og aðgengileg og nýtist sem best.

7. Samstarf við HÍ um akademískt mat

Samkvæmt reglugerð á að vera nefnd innan skólans sem metur hæfi akademískra starfsmanna við skólann, eftir töluverða umræðu innan skólans var ákveðið að leita til HÍ um að taka að sér mat á akademískum starfsmönnum í Háskólanum á Bifröst eins og í öðrum opinberum háskólum hér á landi. HÍ er tilbúinn til að taka þetta að sér frá og með næstu áramótum. Gengið verður frá samningi við HÍ 21. október nk. vegna þessa.

8. Sóknarsvið 2015

- Þjónustufræði – svipað og matvælaekstrarfræði verður hluti af viðskiptafræði, undirbúningur vel á veg kominn. Þarf að skýrast í þessum mánuði hvernig skipulag námsins verður.
- Lögfræði – stefnt að því að vera með fjarnám í lögfræði. Verið er að leita að samstarfsskólum erlendis vegna „joint degree“ líklega á meistarástigi. Gert ráð fyrir að sækja um Erasmus+ styrk vegna verkefnisins.
- Félagsvísindi – breyta þurfi HHS náminu, þar verði þrjár námsleiðir, þ.e. í stjórn málafræði, stjórn málahagfræði og þriðja línan verði samskiptamiðlun. Grunnur alltaf sá sami og verið er með í dag, blandað nám úr greinunum þremur: hagfræði, stjórn málafræði og heimspeki.
- Lögreglunám – verið er að skoða í nefnd á vegum ráðuneytis hvaða skóli á háskólastigi gæti tekið að sér að bjóða uppá nám fyrir lögreglumenn á háskólastigi. Ekki liggur fyrir hvaða skóli komi til með að fá þetta verkefni, en skilaboðum um mikinn áhuga Bifrastar hefur verið komið skýrt til skila.
- Símenntun – efla þarf símenntunina verulega. Tveir starfsmenn í einu stöðugildi eru að vinna að markaðssetningu skólans þ.m.t. símenntunarmöguleika.
- Ferðaþjónustan – tap á henni á síðasta ári unnið að því að bæta úr því og bæta afkomuna á næsta ári.



9. Staðarbragur á Bifröst

Rektor ræðir um hvernig er best hægt að vinna að því að hafa góðan staðarbrag á svæðinu, umræðan þurfi að fara út fyrir skólann til allra íbúa á staðnum. Rætt um öryggismál á svæðinu, t.d. hraðakstur o.fl.

10. Endurræsing íbúaráðs

Rektor kynnir drög að reglum um Íbúaráð á Bifröst. Reglurnar samþykktar.

11. Boðun varamanna

Fundarboð er sent til aðalmanna. Ef aðalmaður getur ekki mætt, sér hann sjálfur um að boða varamann í sinn stað og lætur vita hver mætir í hans stað.

12. Önnur mál

Næsti fundur háskólaráðs verður væntanlega þriðjudaginn 4. nóvember, en verður boðaður sérstaklega.

Fundi slitið kl. 17.00